

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.  
Vigfús Þór Hróbjartsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík 10. desember 2020  
UST202012-060/A.B.  
10.04.03

### Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Stöng og Gjáin – Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er barst 8. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Stöng og Gjána í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í greinargerð kemur fram að markmið deiliskipulagsins eru m.a. að tengja Stöng við næsta nágrenni með greiðfærum göngustíg í Gjána og gera greiðfæran og öruggan stíg niður í Gjána og um hana. Auk þess kemur fram að markmið tillögunnar er að draga úr umhverfisspjöllum vegna ágangs gesta og gera Stangarsvæðið og Gjána aðgengilegt fyrir sem breiðastan hóp gesta.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir að á byggingarreit B1 er núverandi hús yfir rústir Stangarbæjarins 331 m<sup>2</sup> og heimilt er að endurbæta núverandi hús og stækka það í allt að 550 m<sup>2</sup>. Einnig kemur fram að á byggingarreit B2 er gert ráð fyrir 120 m<sup>2</sup> þjónustuhúsi fyrir salerni og geymslu. Auk þess gerir tillagan ráð fyrir bílastæðum, áningarstöðum, útsýnispöllum og gönguleiðum.


#### Leyfi

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé í tillögunni leyfisveitingar, að því er tekur til friðlandsins svæðis í Þjórsárdal, sbr. 13. gr. auglýsingar nr. 110/2020.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur